

67. kirkjuþing 2025-2026

22. mál - þskj. 22a

T I L L A G A

til þingsályktunar um skipun starfshóps sem skoðar kostnað og umfang kirkjuþings.

Flm. Guðni Már Harðarson.

Kirkjuþing samþykkir að setja á laggirnar nefnd sem skoðar kostnað og umfang kirkjuþings og með það fyrir augum að horfa til þess hvort hægt sé að lækka kostnað og auka skilvirkni kirkjuþings.

Greinargerð.

Kirkjuþing er meginstoðin í stjórnkerfi kirkjunnar en þangað eru kosnir fulltrúar sóknanna sem saman fara með fjárveitingavald og stjórn Þjóðkirkjunnar. Starfsemi kirkjuþings og menning þarf að vera þannig að til starfans laðist að gott fólk, fulltrúar sóknanna sem finna að rödd þeirra skipti máli og lýðræðisleg vinnubrögð og skilvirkni séu leiðarvísirinn í starfi þingsins.

Það er mat flutningsmanns að margt gott sé við starf kirkjuþings í núverandi mynd en það er öllum hollt að staldra við og skoða ofan í kjölinn hvort einhvers staðar liggi bætingartækifæri og möguleikar á að ráðstafa fé betur og auka skilvirkni.

Árlegur kostnaður við kirkjuþing er verulegur eða rúmlega 100 milljónir árlega, sem er mun meira en nær allar sóknir landsins hafa úr að spila til að reka allt sitt safnaðarstarf og viðhald á kirkju og safnaðarheimili á ársgrundvelli. Ef kostnaðurinn helst óbreyttur mun einn milljarður króna fara í kirkjuþing á næstu tíu árum. Tækist nefndinni að finna leiðir að 10% kostnaðarlækkun mundi það skila um 100 milljónum króna til að setja í annað á næstu tíu árum.

Lagt er til að stofnuð verði þriggja manna nefnd sem fær það hlutverk að skoða og koma með tillögur um hvaða leiðir séu færar til að auka skilvirkni og lækka kostnað við kirkjuþing.

Meðal atriða sem nefndinni væri falið að skoða:

- hvort hægt sé að undirbúa mál betur, þannig að umræða um þau sé skilvirkari og þingdögum fari fækkandi
- skoða kostnað við starfsfólk þingsins, hvort hægt sé að fara aðrar leiðir eða samþætta störf inn í störf á þjónustusviði Biskupsstofu
- horfa til og skoða hvaða leiðir önnur sambærileg félagasamtök, sem hafa þétt net aðildarfélaga um allt land, fara að því að halda sín ársþing og eða aðalfundi þannig að öllum sé tryggður lýðræðislegur réttur og möguleiki á að koma fram með mál eða breytingar. Hér væri fróðlegt að vita hvaða hátt félagasamtök, á borð við Rauða krossinn á Íslandi, Landsbjörgu, KSÍ og UMFÍ, hafa á sínu þinghaldi.

-horfa til þess hvort skynsamlegt væri að hafa kirkjuþing sjaldnar, til dæmis á tveggja ára fresti en með fleiri fulltrúum sóknanna, sem myndi auka lýðræðisþátttöku en jafnframt lækka kostnað.

-gera könnun á meðal sóknarnefndafólks og sækjast eftir hugmyndum frá héraðsfundum um hvernig hægt sé að lækka kostnað eða auka skilvirkni kirkjuþings

Kostnaðaráætlun kr. 500,000

Kirkjuþing kýs þrjá fulltrúa í starfshópinn.

Þóknun vegna funda (samkvæmt taxa frá kjaranefnd)

Fundur, 3 klst. – nefndarmaður kr. 12,223

Fundur, 3 klst. - formaður kr. 18,335

Hver hafin klst. umfram 3 klst. - nefndarmaður kr. 4,074

Hver hafin klst. umfram 3 klst. - formaður nefndar kr. 6,111

Almenn vinna nefndarmanns utan funda pr. klst. kr. 6,791

Sérhæfð vinna nefndarmanna utan funda pr. klst. kr 10,807

Gert er ráð fyrir sex fundum, þar af 5 þriggja klst. fjarfundum og 1 sex klst. vinnufundi á fundarstað. Þá er gert ráð fyrir vinnu formanns milli funda allt að 10 klst.

Fjarfundir

Tveir kirkjuþingsmenn.

Fimm fjarfundir kr. $12,223 \times 5 \text{ fundir} \times 2 = 122,230$

Formaður

Fimm fjarfundir kr. $18,335 \times 5 \text{ fundir} = 91,675$

Vinnufundur

Vinnufundur sex klst. Þrjár klst. umfram

Tveir kirkjuþingsmenn $12,223 \times 2 = 24,446$. Umfram klst. $4,074 \times 3 \times 2 = 24,444 = 48,890$

Formaður $18,335 + 18,333 = 36,668$

Vinna formanns milli funda

Gert er ráð fyrir 10 klst. kr. $10,807 = 108,070$

Samtals: kr. 407,533

Ferðakostnaður.

Flug og leigubíll 50,000 (áætlað)

Fæðiskostnaður 6 klst. $8.750 \times 3 = 26,250$